

SJÁLFBÆRNIÁHÆTTA OG HELSTU NEIKVÆÐU ÁHRIF Á SJÁLFBÆRNIPÆTTI

UPPLÝSINGAGJÖF SKV. 3. OG 4. GR. REGLUGERÐAR (ESB) NR. 2019/2088 (SFDR)

INNGANGUR

Þessi yfirlýsing er gefin út af Festu lífeyrissjóði („Festa“ eða „sjóðurinn“). Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 („SFDR reglugerðin“ eða „SFDR“) hefur verið innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

Í SFDR reglugerðinni koma fram samræmdar reglur fyrir aðila á fjármálamarkaði um gagnsæi að því er varðar hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn og tekið er tillit til neikvæðra áhrifa á sjálfbærni í ferlum þeirra og að því er varðar veitingu upplýsinga sem tengjast sjálfbærni í tengslum við fjármálaafurðir.

SFDR reglugerðin skilgreinir áhættu tengda sjálfbærni sem atvik eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttá (UFS), sem gæti, ef upp kemur, haft veruleg, neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar („sjálfbærniáhætta“). Reglugerðin skilgreinir sjálfbærniþætti sem umhverfis-, félags- og starfsmannamál, virðingu fyrir mannréttindum og aðgerðir gegn spillingu og mútuþægni („sjálfbærniþættir“). Markmið reglugerðarinnar er að auka gagnsæi fyrir fjárfesta og draga úr ósamræmi í upplýsingagjöf.

Þessi yfirlýsing lýsir því hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í fjárfestingarákvörðunarferli Festu samkvæmt 3. gr. SFDR, ásamt því hvernig tekið er tillit til helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti samkvæmt 4. gr. SFDR.

UFS SAMPÆTTING

Til að tryggja að fjárfestingarákvarðanir séu byggðar á alhliða upplýsingum, leitast Festa við að fella inn UFS-þætti við greiningu fjárfestinga. Greiningin byggist á upplýsingum frá aðilum sem sérhæfa sig í að safna og meta UFS-upplýsingar. Festa hefur verið í samstarfi við fyrirtækið Reitun sem framkvæmir UFS-áhættumöt fyrir innlend félög og útgefendur fjármálagerninga.

Skimunarferli er til staðar við mat á fjárfestingum sem byggir á viðmiðum sem sjóðurinn hefur sett sér í stefnu um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar auk hluthafastefnu sjóðsins. Festa gerir þá kröfu að fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í starfi í samræmi við samfélagsleg gildi, viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja og sýni ábyrgð í umhverfismálum.

SJÁLFBÆRNIÁHÆTTA OG FJÁRFESTINGARÁKVARÐANIR

Festa er langtímafjárfestir sem hefur það að meginmarkmiði að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum sem fram koma í samþykktum. Um leið er markmiðið að stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda, draga úr mengun, lágmarka starfsemi sem er skaðleg fyrir umhverfið, virða mannréttindi og kjarasamninga starfsfólks.

Sjálfbærniáhætta er þar af leiðandi höfð til hliðsjónar í fjárfestingarákvörðunarferlinu ásamt hefðbundinni fjárfestingaráhættu. Sérstakt áhættumat tengt sjálfbærni hefur ekki verið innleitt, en sjóðurinn tekur aftur á móti tillit til þeirra upplýsinga um sjálfbærniáhættu sem liggja fyrir við almennt áhættumat fjárfestinga.

Sjálfbærniáhætta er mismunandi eftir eignaflokkum og tegundum fjárfestinga eftir því hvað við á hverju sinni. Jafnframt kann að vera erfitt að meta slíka áhættu sökum skorts á upplýsingum. Það fer því eftir atvikum hverju sinni að hvaða marki sjálfbærniáhætta hefur áhrif við val á fjárfestingarkostum. Þannig er sjálfbærniáhætta hluti af mati á fjárfestingarkosti hverju sinni þó hún komi ekki í öllum tilfellum í veg fyrir að lífeyrissjóðurinn fjárfesti í fjárfestingarkosti þar sem áhætta vegna sjálfbærni er til staðar.

NEIKVÆÐ ÁHRIF Á SJÁLFBÆRNIPÆTTI

SFDR reglugerðin mælir fyrir um að aðilar á fjármálamarkaði upplýsi um hvort, og þá hvernig, tekið er tillit til helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti.

Festa lífeyrissjóður tekur ekki tillit til helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti á þann hátt sem skilgreint er í a-lið 1. mgr. 4. gr. SFDR.

Helstu ástæður fyrir því að Festa tekur ekki tillit til þeirra er að viðeigandi upplýsingar geta verið af skornum skammti, óaðgengilegar og gæði þeirra eru oft á tíðum ófullnægjandi. Að svo stöddu er það því mat sjóðsins að erfitt getur reynst að framkvæma fullnægjandi mat á helstu neikvæðu áhrifum fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti.

Ef fyrirtæki gerist ítrekað brotlegt gegn landslögum, alþjóðalögum eða samningum sem Ísland hefur fullgilt áskilur sjóðurinn sér rétt til að útiloka slíkar fjárfestingar úr fjárfestingarmengi sínu. Neikvæð skimun heyrir til undantekningartilfella sem kann að vera beitt í þeim tilvikum þegar aðrar leiðir hafa ekki reynst færar til að ná markmiðum sjóðsins.

UPPLÝSINGAR UM SAMSTARF UM SJÁLFBÆRNI OG STEFNUR SJÓÐSINS

Festa er jafnframt einn af stofnaðilum um samstarf lífeyrissjóða og fjármálafyrirtækja á Íslandi um IcelandSIF, en tilgangur þess er að efla þekkingu á aðferðafræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga. Enn fremur hefur sjóðurinn gefið út viljayfirlýsingu gagnvart alþjóðlegu samtökunum Climate Investment Coalition um fjárfestingar í verkefnum sem tengjast hreinni orku og öðrum umhverfisvænum lausnum.

Nánar má fræðast um áherslur sjóðsins hvað varðar áhættur tengdar sjálfbærniþáttum og stjórnarháttum í eftirfarandi stefnum sem fjalla með einum eða öðrum hætti um meðferð sjálfbærniáhættu í eignasöfnum og áherslu á ábyrgar fjárfestingar:

- Stefna um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar
- Fjárfestingarstefna
- Hluthafastefna
- Áhættustefna